

REYKSKYNJARAR OPTÍSKIR / JÓNÍSKIR

Báðar gerðir skynjara bregðast fljótt við reyk undir venjulegum kringumstæðum og gera það sem til er ætlast –
að vara fljótt við eldi.

Skynjunin er mismunandi í skynjurum og afleiðingin er því sú að jónískir reykskynjarar bregðast örlítið skjótar við eldi sem brennur hratt, s.s. frá eldunartækjum og opnum eldi, en sá optíski bregst aftur á móti örlítið skjótar við glóðareldi s.s. frá sófasettum o.þ.h.
Athuga skal að þegar við segjum örlítið skjótar þá erum við að tala um sekúndur en ekki mínútur.

Æskilegast væri að hafa einn optískan skynjara í stofu og jóníska skynjara í öllum svefnherbergjum og göngum.

Kerfi sem sett eru upp af fagmönnum hafa ávallt bæði optíska og jóníska reykskynjara ásamt hitaskynjurum.

Optískur skynjari er dýrari í framleiðslu og þar af leiðandi dýrari í innkaupum.. Þetta er þó að breytast og hefur verið á optískum skynjurum snarlækkað.

Jónískir skynjarar eru mun algengari á heimilum. Gera má ráð fyrir að jónískir skynjarar eigi 90% markaðshlutdeild. Það er viðurkennt að báðir skynjararnir veita góða vernd og þess vegna er það e.t.v. verðið sem ræður vali notenda.

Bæði hratt brennandi eldar og glóðareldar geta auðveldlega kviknað á heimilum og er þess vegna ákjósanlegast að hafa bæði jóníska og optíska skynjara.

Ef fólk velur lágmarksvernd sem eru tveir skynjarar, ætti annar að vera jónískur og hinn optískur.

Best af öllu er þó að hafa reykskynjara í öllum herbergjum. Á baðherbergi, í þvottahúsi og bílageymslu ætti að velja hitaskynjara og hafa þá alls staðar jóníska skynjara nema í setustofunni, hann ætti að vera optískur.

Optískir reykskynjarar

Heppilegir við glóðarelda.
Heppilegir við eld í P.V.C. plastefnum og á "gamlan" reyk.

Virka ekki á ósýnilegar reyktegundir.
Virka ekki vel við opinn eld.

Óháðir: Breytingum á rakastigi lofts.
Breytingum á hitastigi.
Loftræstingu.

Jónískir reykskynjarar

Virka vel við opinn eld.
Virka vel við ósýnilegar reyktegundir.
Mjög heppilegir sem alhliða skynjarar.

Virka ekki vel á glóðarelda.
Virka ekki vel við eld í P.V.C. plastefnum.
Virka ekki vel á "gamlan" reyk.

Háðir: Breytingum á loftþrýstingi.
Breytingum á rakastigi lofts.
Breytingum á hitastigi.
Loftræstingu.

Með gömlum reyk er átt við reyk sem kemur langt að og er orðinn kaldur þegar hann kemur að skynjaranum, þ.e. ýmsar ósýnilegar lofttegundir hafa eyðst eða samlagast loftinu.

Heimildir: EI Company Ltd og AW Alarm System a/s

MUNIÐ AÐ SKIPTA UM RAFHLÖÐU Í REYKSKYNJURUM EINU SINNI Á ÁRI